

# KJARASAMNINGUR

**SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA**  
F.H. ÞEIRRA SVEITARFÉLAGA OG ANNARRA AÐILA  
SEM ÞAÐ HEFUR SAMNINGSUMBOÐ FYRIR

OG

**DÝRALÆKNAFÉLAGS ÍSLANDS**

**GILDISTÍMI:**

1. APRÍL 2023 til 31. MARS 2024

## EFNISYFIRLIT

<b>1. KAFLI: UM KAUP</b> .....	<b>3</b>
1.1 FÖST MÁNAÐARLAUN .....	3
1.7 PERSÓNUUPPBÓT .....	4
<b>4. KAFLI: ORLOF</b> .....	<b>5</b>
4.3 ORLOFSÁRIÐ .....	5
<b>10. KAFLI: FRÆDSLUMÁL</b> .....	<b>5</b>
10.2.2 PERSÓNUÁLAG VEGNA FAGREYNSLU OG SÍMENNTUNAR. ....	5
<b>14. KAFLI: GILDISTÍMI OG SAMNINGSFORSENDUR</b> .....	<b>6</b>
14.1 GILDISTÍMI .....	6
14.2 ATKVÆÐAGREIÐSLA .....	6
<b>FYLGISKJÖL OG VIÐAUKAR</b> .....	<b>7</b>
FYLGISKJAL 1: LAUNATÖFLUR OG TENGITAFLA VIÐ STARFSMAT .....	7
FYLGISKJAL 7: SAMKOMULAG UM BREYTINGAR Á FYLGISKJALI 3 .....	10
FYLGISKJAL 8: YFIRLÝSING OG VERKÁÆTLUN .....	11

---

## INNGANGUR

---

Kjarasamningur aðila framlengist frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024 með þeim breytingum sem í samkomulagi þessu felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

Þeir starfsmenn sem heyra undir kjarasamning þennan hafa réttindi og skyldur samkvæmt lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þar er m.a. fjallað um sérstöðu opinberra starfsmanna, samningsrétt stéttarfélagsins og verkfallsrétt.

Niðurstaða samningsaðila um að gera samning til tólf mánaða felur í sér að viðræðum um önnur atriði en launalið, breytingu á fylgiskjali 3 og skýringarákvæði við grein nr. 4.3.1 um fyrningu orlofs er frestað.

Aðilar eru sammála um að taka upp viðræður um önnur atriði samkvæmt verkáætlun í fylgiskjali 8. Sem hluta af verkáætlun þessari eru aðilar sammála um að framlengja fylgiskjali 2 um betri vinnutíma í dagvinnu og breyttu fylgiskjali 3 um betri vinnutíma í vaktavinnu út gildistíma kjarasamninga aðila.

---

## 1. KAFLI: UM KAUP

---

### 1.1 FÖST MÁNAÐARLAUN

#### Grein 1.1.1 breytist og hljóði svo:

Mánaðarlaun þeirra sem gegna fullu starfi, skulu greidd samkvæmt eftirtöldum launatöflum, sjá nánar í fylgiskjali 1:

Launatafla 1: Gildir frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024.

Útgefin launatafla hverju sinni nær yfir alla launaflokka sem miðað er við í kjarasamningi þessum. Við launaflokk leggst einstaklingsbundið persónuálag í samræmi við viðeigandi ákvæði í 10. kafla samnings þessa og myndar þannig dagvinnulaun viðkomandi starfsmanns. Laun þessi eru viðmiðun vegna afleiddra launategunda, s.s. tímakaups í yfir- og dagvinnu og lífeyrisgreiðslna B-deilda opinberra lífeyrissjóða eða sambærilegra deilda slíkra sjóða.

Undir almenn ákvæði þessa kjarasamnings heyra allir þeir starfsmenn sem sinna skilgreindum störfum skv. starfsmati sveitarfélaga og fá laun sem starfinu fylgja.

Með launatöflu 1 og launatöflu 1 C hefur hagvaxtarauka, sem koma átti til greiðslu 1. maí 2023 skv. gr. 14.2.1 og viðauka 3 með áðurgildandi kjarasamningi aðila, verið að fullu efndur. Jafnframt eru samningsaðilar sammála um að með þessari hækkun launatöflu 1 komi ekki til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. kjarasamningi sem var í gildi frá 2019 til 2023.

**Grein 1.1.4 breytist og hljóði svo:****1.1.4 Önnur laun er starfinu fylgja**

Auk mánaðarlauna er heimilt að greiða önnur laun er starfinu fylgja með mánaðarlegri greiðslu vegna:

- Starfstengdra þátta og/eða álags sem ekki verður mælt í tíma
- Jöfnunar launa einstakra hópa á milli almenns og opinbers vinnumarkaðar sbr. fylgiskjal 6.

Sé heimildarákvæðinu beitt, skal tryggt að málsmeðferð og ákvörðun um greiðslu annarra launa byggji á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun.

Á samningstímanum hækka önnur laun um 5% þann 1. apríl 2023.

*Nota má gr. 1.1.4 um önnur laun í þeim tilvikum sem starfsfólk býr við aukið álag vegna vinnu sem alla jafna er ekki mælt í tíma sjá t.d. gr. 1.5.3 og gr. 1.5.4. Ennfremur vegna ónæðis utan vinnutíma vegna starfs, svo sem samskipti við íbúa, þjónustupega, vöktun símtækja tölvupósts o.fl. Ákvörðun um önnur laun skal skjalfest í ráðningarsamningi eða viðauka við hann.*

**Grein 1.7 um persónuuppbót breytist og hljóði svo:****1.7 PERSÓNUUPPBÓT**

1.7.1 Starfsmaður í 100% starfshlutfalli fær greidda persónuuppbót 1. maí og 1. desember ár hvert. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma síðustu 12 mánuði fyrir greiðsludag. Hafi starfsmaður gengt hlutastarfi eða starfað hluta úr ári, skal hann fá greitt hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Hafi starfsmaður látið af störfum á árinu vegna aldurs skal hann fá greidda persónuuppbót hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Sama hlutfallsregla gildir ef starfsmaður var frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu vinnuveitanda lýkur eða vegna fæðingarorlofs sbr. 8. gr. laga nr. 95/2000. Sjá einnig gr. 11.1.8.

Persónuuppbót er föst fjárhæð og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum samningsins. Á persónuuppbót reiknast ekki orlofslaun.

Áunnin persónuuppbót skal gerð upp við starfslok starfsmanns.

Persónuuppbót miðað við 100% starfshlutfall á samningstímanum verður sem hér segir:

1. maí 2023	kr. 55.700
1. desember 2023	kr. 131.000

## 4. KAFLI: ORLOF

Skýringartexti við grein 4.3.1 breytist og greinin hljóði svo:

### 4.3 ORLOFSÁRIÐ

4.3.1 Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl. Töku áunnins orlofs skal alltaf lokið fyrir lok orlofsársins, sjá þó gr. 4.6.1 og 4.6.2.

*Samkvæmt orlofslögum nr. 30/1987 er framsal orlofslauna og flutningur þeirra milli orlofsára óheimill.*

*Samkvæmt 5. gr. laga um orlof nr. 30/1987 ber vinnuveitandi ábyrgð á að skipuleggja orlofstöku starfsfólks síns að teknu tilliti til óska þess eins og unnt er vegna starfseminnar.*

*Í þeim tilfellum sem starfsfólki hefur ekki verið gert kleift að taka uppsafnað orlof samkvæmt skýringartexta við gr. 4.3.1, verði þeim aðstæðum mætt af hálfu vinnuveitenda með gerð skriflegs samkomulags við viðkomandi starfsfólk um hvernig töku uppsafnaðs orlofs verði lokið. Gerð samkomulags skal lokið eigi síðar en 15. apríl 2023.*

*Náist slíkt samkomulag ekki, skal vinnuveitandi tilkynna starfsmanni eigi síðar en 1. maí 2023 hvernig orlofstöku skuli háttáð þannig að tryggt verði að starfsmaður nái að ljúka töku uppsafnaðs orlofs.*

## 10. KAFLI: FRÆÐSLUMÁL

Skýringartexti við grein 10.2.2 breytist og greinin hljóði svo:

### 10.2.2 PERSÓNUÁLAG VEGNA FAGREYNSLU OG SÍMENNTUNAR.

Starfsmenn skulu fá persónuálag vegna árlegrar þátttöku í símenntunaráætlun sem hér segir:

- 2 % eftir 1 árs fagreynslu í starfsgrein sinni.
- Samtals 4% eftir 3 ára fagreynslu í starfsgrein sinni.
- Samtals 6% eftir 5 ára fagreynslu í starfsgrein sinni.
- Samtals 8% eftir 9 ára fagreynslu í starfsgrein sinni.

Þeir sem náð hafa 13 ára fagreynslu við gildistöku samningsins og hafa fengið 2% persónuálag vegna þess, halda því meðan þeir eru í samfelldu starfi hjá sama vinnuveitanda.

*Til að fá fagreynslu í starfsgrein metna þarf starfsmaður að leggja fram gögn sem staðfesti þann starfstíma (vinnuveitandavottorð).*

*Hækkun vegna fagreynslu kemur til framkvæmda næstu mánaðarmót eftir að fullnægjandi gögn hafa borist vinnuveitanda.*

*Hálfur mánuður og stærra brot úr mánuði telst sem heill mánuður.*

*Við mat á starfstíma til persónuálagsstiga teljast launaðar veikindafjarvistir sem og lögbundið fæðingarorlof (sem er almennt ekki meira en 6 mánuðir). Starfstími tímavinnufólks er ekki metinn til persónuálagsstiga.*

*Tímavinnustarfsmaður heldur þó áunnum persónuálagsstigum vegna fyrri starfa hjá sveitarfélagi.*

---

## 14. KAFLI: GILDISTÍMI OG SAMNINGSFORSENDUR

---

### 14.1 GILDISTÍMI

- 14.1.1 Kjarasamningur aðila framlengist frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024 með þeim breytingum sem í samkomulagi þessu felast og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

### 14.2 ATKVÆÐAGREIÐSLA

- 14.2.1 Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjölum, upp til afgreiðslu fyrir 14. apríl 2023. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 13:00 þann 14. apríl 2023 skoðast samningurinn samþykktur.

Reykjavík, 4. apríl 2023

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga  
með fyrirvara um samþykki stjórnar:

F.h. Dýralæknafélags Íslands  
með fyrirvara um samþykki  
félagsmanna.

## FYLGISKJÖL OG VIÐAUKAR

### FYLGISKJAL 1: LAUNATÖFLUR OG TENGITAFLA VIÐ STARFSMAT

Mánaðarlaun þeirra sem gegna fullu starfi, skulu greidd samkvæmt eftirtöldum launatöflum:

Launatafla 1: Gildir frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024.

<b>BHM (starfsmat): LAUNATAFLA 1</b>									
Gildir frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024									
Launa-flokkur	Grunn-laun	Persónu-álag 2%	Persónu-álag 4%	Persónu-álag 6%	Persónu-álag 8%	Persónu-álag 10%	Persónu-álag 12%	Persónu-álag 14%	Persónu-álag 16%
145	540.031	550.831	561.632	572.433	583.233	594.034	604.835	615.635	626.436
146	544.770	555.666	566.561	577.456	588.352	599.247	610.143	621.038	631.933
147	549.563	560.554	571.545	582.536	593.528	604.519	615.510	626.501	637.493
148	554.407	565.495	576.584	587.672	598.760	609.848	620.936	632.024	643.113
149	559.305	570.491	581.677	592.864	604.050	615.236	626.422	637.608	648.794
150	564.256	575.541	586.827	598.112	609.397	620.682	631.967	643.252	654.537
151	568.994	580.374	591.754	603.134	614.514	625.894	637.274	648.654	660.034
152	573.781	585.257	596.732	608.208	619.684	631.159	642.635	654.110	665.586
153	578.618	590.191	601.763	613.335	624.908	636.480	648.052	659.625	671.197
154	583.508	595.178	606.848	618.518	630.189	641.859	653.529	665.199	676.869
155	588.449	600.218	611.987	623.756	635.525	647.294	659.063	670.832	682.601
156	594.881	606.778	618.676	630.574	642.471	654.369	666.266	678.164	690.062
157	601.400	613.428	625.456	637.484	649.512	661.540	673.568	685.596	697.624
158	608.009	620.169	632.329	644.489	656.649	668.809	680.970	693.130	705.290
159	614.707	627.001	639.295	651.589	663.883	676.177	688.471	700.765	713.060
160	621.495	633.925	646.355	658.785	671.215	683.645	696.075	708.504	720.934
161	628.376	640.944	653.511	666.079	678.647	691.214	703.782	716.349	728.917
162	635.351	648.058	660.765	673.472	686.179	698.886	711.593	724.300	737.007
163	642.421	655.269	668.117	680.966	693.814	706.663	719.511	732.360	745.208
164	649.587	662.578	675.570	688.562	701.554	714.545	727.537	740.529	753.520
165	656.850	669.987	683.124	696.261	709.398	722.535	735.672	748.809	761.946
166	664.212	677.496	690.780	704.065	717.349	730.633	743.917	757.201	770.486
167	671.674	685.108	698.541	711.974	725.408	738.841	752.275	765.708	779.142
168	679.238	692.822	706.407	719.992	733.577	747.161	760.746	774.331	787.916
169	686.904	700.643	714.381	728.119	741.857	755.595	769.333	783.071	796.809
170	694.675	708.568	722.461	736.355	750.248	764.142	778.035	791.929	805.822
171	702.551	716.602	730.653	744.704	758.755	772.806	786.857	800.908	814.959
172	710.534	724.745	738.956	753.166	767.377	781.588	795.798	810.009	824.220
173	718.626	732.998	747.371	761.743	776.116	790.488	804.861	819.233	833.606
174	726.827	741.364	755.900	770.437	784.973	799.510	814.047	828.583	843.120
175	735.140	749.842	764.545	779.248	793.951	808.654	823.356	838.059	852.762
176	743.565	758.436	773.308	788.179	803.050	817.922	832.793	847.664	862.535
177	752.105	767.147	782.190	797.232	812.274	827.316	842.358	857.400	872.442
178	760.761	775.977	791.192	806.407	821.622	836.838	852.053	867.268	882.483
179	769.535	784.926	800.317	815.707	831.098	846.489	861.879	877.270	892.661

<b>BHM (starfsmat): LAUNATAFLA 1</b>									
<b>Gildir frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024</b>									
<b>Launa- flokkur</b>	<b>Grunn- laun</b>	<b>Persónu- álag 2%</b>	<b>Persónu- álag 4%</b>	<b>Persónu- álag 6%</b>	<b>Persónu- álag 8%</b>	<b>Persónu- álag 10%</b>	<b>Persónu- álag 12%</b>	<b>Persónu- álag 14%</b>	<b>Persónu- álag 16%</b>
180	778.428	793.996	809.565	825.133	840.702	856.270	871.839	887.407	902.976
181	787.441	803.189	818.938	834.687	850.436	866.185	881.933	897.682	913.431
182	796.576	812.508	828.439	844.371	860.302	876.234	892.165	908.097	924.028
183	805.836	821.953	838.070	854.186	870.303	886.420	902.536	918.653	934.770
184	815.222	831.526	847.830	864.135	880.439	896.744	913.048	929.353	945.657
185	824.734	841.229	857.724	874.218	890.713	907.208	923.702	940.197	956.692
186	834.376	851.064	867.751	884.439	901.126	917.814	934.501	951.189	967.876
187	844.556	861.447	878.338	895.229	912.120	929.011	945.903	962.794	979.685
188	854.877	871.975	889.073	906.170	923.268	940.365	957.463	974.560	991.658
189	865.344	882.651	899.958	917.265	934.572	951.879	969.186	986.493	1.003.799
190	876.044	893.565	911.086	928.607	946.127	963.648	981.169	998.690	1.016.211
191	888.151	905.914	923.678	941.441	959.204	976.967	994.730	1.012.493	1.030.256
192	900.429	918.437	936.446	954.455	972.463	990.472	1.008.480	1.026.489	1.044.497
193	912.877	931.134	949.392	967.650	985.907	1.004.165	1.022.422	1.040.680	1.058.937
194	925.500	944.010	962.520	981.030	999.540	1.018.050	1.036.560	1.055.070	1.073.580
195	938.299	957.065	975.831	994.597	1.013.363	1.032.129	1.050.895	1.069.661	1.088.427
196	951.279	970.305	989.330	1.008.356	1.027.381	1.046.407	1.065.433	1.084.458	1.103.484
197	964.440	983.729	1.003.018	1.022.307	1.041.596	1.060.884	1.080.173	1.099.462	1.118.751
198	977.785	997.341	1.016.897	1.036.452	1.056.008	1.075.564	1.095.119	1.114.675	1.134.231
199	991.317	1.011.143	1.030.969	1.050.796	1.070.622	1.090.448	1.110.275	1.130.101	1.149.927
200	1.005.040	1.025.140	1.045.241	1.065.342	1.085.443	1.105.543	1.125.644	1.145.745	1.165.846



<b>TENGITAFLA VIÐ STARFSMAT</b>		
Gildir frá 1. apríl 2023		
Launaflokkur	Neðri mörk	Efri mörk
145	504	510
146	511	517
147	518	524
148	525	531
149	532	538
150	539	545
151	546	552
152	553	559
153	560	566
154	567	573
155	574	580
156	581	587
157	588	594
158	595	601
159	602	608
160	609	615
161	616	622
162	623	629
163	630	636
164	637	643
165	644	650
166	651	657
167	658	664
168	665	671
169	672	678
170	679	685
171	686	692
172	693	699

<b>TENGITAFLA VIÐ STARFSMAT</b>		
Gildir frá 1. apríl 2023		
Launaflokkur	Neðri mörk	Efri mörk
173	700	706
174	707	713
175	714	720
176	721	727
177	728	734
178	735	741
179	742	748
180	749	755
181	756	762
182	763	769
183	770	776
184	777	783
185	784	790
186	791	797
187	798	804
188	805	811
189	812	818
190	819	825
191	826	832
192	833	839
193	840	846
194	847	853
195	854	860
196	861	867
197	868	874
198	875	881
199	882	888
200	889	895

**FYLGISKJAL 7: SAMKOMULAG UM BREYTINGAR Á FYLGISKJALI 3**

Samkomulag um breytingar á fylgiskjali 3 í kjarasamningum aðila 2019 til 2023.

Vaktavinnuhópur 2023 sammælist um að leggja til við samningsaðila að gera eftirfarandi breytingar á greinum 1.6.1., 1.6.2. og 2.6.10. í fylgiskjali 2 (fylgiskjali 3 hjá sveitarfélögum).

**VAKTAÁLAG**

Vaktaálagi verði breytt þannig að á þeim tímum sem er greitt 90% álag verði greitt 120% álag og á þeim tímum sem er greitt 120% álag verði greitt 165% álag. Greinar 1.6.1. og 1.6.2. verði:

**1.6 ÁLAGSGREIÐSLUR - VAKTAÁLAG**

1.6.1 Vaktaálag reiknast af dagvinnukaupi sbr. gr. 1.4.1. Vaktaálag skal vera:

- 33,33% kl. 17:00 - 24:00 mánudaga til fimmtudaga
- 55,00% kl. 17:00 - 24:00 föstudaga
- 65,00% kl. 00:00 - 08:00 þriðjudaga til föstudaga
- 55,00% kl. 08:00 - 24:00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga
- 75,00% kl. 00:00 - 08:00 laugardaga, sunnudaga, mánudaga og sérstaka frídaga
- 120,00% kl. 00:00 - 24:00 stórhátíðardaga sbr. gr. 2.1.4.3, þó þannig að frá kl. 16:00 - 24:00 á aðfangadag og gamlársgang og kl. 00:00 – 08:00 á jóladag og nýársdag er 165,00% álag.

Brot úr klst. greiðist hlutfallslega.

1.6.2 Greiðsla fyrir bakvaktir skal reiknast af dagvinnukaupi sbr. gr. 1.4.1 með eftirtöldum hætti:

- 33,33% kl. 17:00 - 24:00 mánudaga til fimmtudaga
- 45,00% kl. 17:00 - 24:00 föstudaga
- 45,00% kl. 00:00 - 08:00 mánudaga
- 33,33% kl. 00:00 - 08:00 þriðjudaga til föstudaga
- 45,00% kl. 00:00 - 24:00 laugard., sunnud. og sérstaka frídaga
- 120,00% kl. 00:00 - 24:00 stórhátíðardaga sbr. gr. 2.1.4.3, þó þannig að frá kl. 16:00 - 24:00 á aðfangadag og gamlársgang og kl. 00:00 – 08:00 á jóladag og nýársdag er 165,00% álag.

Brot úr klst. greiðist hlutfallslega. Um greiðslur fyrir útköll á bakvakt gilda gr. 2.3.3.1 og 2.3.3.2.

**VAKTAHVATI**

Vaktahvata verði breytt til að tryggja jafnari vaktahvata til handa þeim hópi sem er með mestan fjölda og fjölbreytileika vakta á hverju launatímabili. Taflan í grein 2.6.10 verði:

2.6.10 Vaktahvati

Hlutfall vaktahvata miðist við eftirfarandi töflu:

Fjöldi vakta	Tegundir vakta			
	1	2	3	4
19		10,0%	12,5%	12,5%
18		7,5%	10,0%	12,5%
17		7,5%	10,0%	12,5%
16		2,5%	7,5%	12,5%
15		2,5%	2,5%	10,0%
14			2,5%	7,5%

**FYLGISKJAL 8: YFIRLÝSING OG VERKÁÆTLUN**

Yfirlýsing og verkáætlun samningsaðila á gildistíma kjarasamninga 2023 til 2024

Með samkomulagi um framlengingu á kjarasamningi er viðræðum um önnur atriði en launalið aðila frestað. Aðilar eru sammála um að hefja viðræður eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Málefni	Vinna hefst	Vinnu lýkur
Betri vinnutími í dagvinnu / framlenging á fylgiskjali með áherslu á umbætur og eftirfylgni til að ná betur fram gagnkvæmum ávinningi. Settur verður á laggirnar vinnuhópur þvert á opinbera launagreiðendur og bandalög/stéttarfélög líkt og er vegna betri vinnutíma í vaktavinnu.	Vinna þegar hafin	31. janúar 2024
Betri vinnutími í vaktavinnu / framlenging á fylgiskjali með áherslu á umbætur og eftirfylgni til að ná betur fram gagnkvæmum ávinningi. Vettvangur stýrihóps heldur áfram.	Vinna þegar hafin	31. janúar 2024
Bakvaktir/skoðun á fyrirkomulagi bakvakta	17. apríl 2023	31. janúar 2024
Endurskoðun veikindakafla / framlenging á bókun 2.	Vinna þegar hafin	31. október 2023
Ráðning í tímavinnu / Aðilar eru ásáttir um að fara sameiginlega yfir fyrirkomulag ráðninga í tímavinnu.	17. apríl 2023	31. ágúst 2023